

2. gr.

Önnur vinna er unnin í tímavinnu. Gjald fyrir útselda vinnu á rannsóknarstofu er sem hér segir:

Rannsóknamaður	1 075,00
Sérfræðingur	1 255,00

3. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram sammingsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt gildi.

4. gr.

Gjaldskráin skal endurskoðast í júlí ár hvert.

Gjaldskrá þessi er sett skv. 55. gr. laga nr. 64/1965 og öðlast gildi 1. júlí 1986.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1986.

Jón Helgason.

Guðmunda Ögmundsdóttir.

1. júlí 1986

Nr. 325

AUGLÝSING

**um (fimmtu) breytingu auglýsingar um afgreiðslutíma lyfjabúða
utan Reykjavíkur nr. 50/1983.**

Samkvæmt heimild í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða nr. 30/1983 skal afgreiðslutími Garðabæjar Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga — föstudaga kl. 9—18:30.

Laugadaga 11—14.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1986.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingolf J. Petersen.

25. júní 1986

Nr. 326

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Líknarfélagið Sporið, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. júní 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknarfélagið Sporið.

1. gr.

Félagið heitir Líknarfélagið Sporið.